



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 55. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Ráðhús
Hornafirði 3.hæð,
5. desember 2017, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir svæðisráðsfulltrúi, Sigurlaug Gissurardóttir svæðisráðsfulltrúi, Snævarr Guðmundsson svæðisráðsfulltrúi, Guðrún Inga Bjarnadóttir svæðisráðsfulltrúi, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Guðrún Inga Bjarnadóttir var í síma.

1. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Við fjárlagagerð ársins 2018 er nauðsynlegt að tekið verði tillit til raunkostnaðar við rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs og stækkunar á þjóðgarðinum vegna friðlýsingar jarðarinnar Fells og Breiðamerkursands. Mikil umsýsla fylgir fjölgun ferðamanna á svæðinu og kallar á aukna landvörslu og eftirlit. Mikilvægt er að tryggja fé til viðhalds, uppbyggingar og framkvæmda í þjóðgarðinum.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Áratuga hefð er fyrir starfsemi við Jökulsárlón og fer hún vaxandi ár frá ári, sem svæðisráð telur af hinu góða. Við skipulag svæðisins er mikilvægt að horfa til þess og taka mið af þeirri staðreynd sem og náttúruverndarsjónarmiðum. Til að uppbygging við Jökulsárlón geti gengið hratt og örugglega fyrir sig krefst hún nýrrar nálgunar varðandi fjármögnun.

Svæðisráð telur þessar breytingar ekki vera í samræmi við þá framtíðarsýn sem það hefur varðandi uppbyggingu við Jökulsárlón. Talsvert er dregið úr leyfilegu byggingarmagni á austurbakkanum frá eldra skipulagi og ekki skýrt hvort gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilfærsla á byggingarreitum ógnar jarðmyndunum og rýrir gæði mögulegs fræðslustígs um sögu Jökulsár.

Staðsetning á upphaflegum byggingarreit var ákveðin eftir ítarlega skoðun og valin með það í huga að mannvirki myndu ekki spilla náttúruminum og upplifun þeirra sem fara um lónið. Því telur svæðisráð að fyrri byggingarreitur þjóni betur heildarhagsmunum svæðisins.

Hugmyndir að svæði á vesturbakka lónsins eru ágætar í sjálfu sér en vantar nánari útskýringar á því hvað þar er hugsað.

Svæðisráð vill benda á að það er góð gönguleið undir brúna beggja vegna Jökulsár en mikilvægt að gerði verði göngubrú yfir ána.

Svæðisráð telur mikilvægt að ná fundi með skipulagsráðgjöfum vegna þessarar vinnu.

3. Skaftafell: Rekstur veitingavagns - 1710001

Tekið fyrir erindi, dagsett 29.sept. 2017, frá Glacier Goodies (Jöklavagnar ehf) um áframhaldandi rekstur á veitingavagni í Skaftafelli.

Svæðisráð mælir með að leyfi verði veitt fyrir matarvagni Jöklavagna í Skaftafelli út árið 2018.

Þar sem atvinnustefna þjóðgarðsins er ekki komin fram getur svæðisráð ekki mælt með að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

4. Jökulsárlón: Rekstur veitingavagns - 1712002

Svæðisráð mælir með að leyfi verði veitt fyrir matarvagni Local Langoustine ehf við Jökulsárlón út árið 2018.

Þar sem stjórnunar- og verndaráætlun, atvinnustefna og skipulag fyrir Jökulsárlón er ekki til staðar getur svæðisráð ekki mælt með að gefa leyfi til lengri tíma að svo stöddu.

5. Veðurárlón: bráðabirgða göngubrú - 1712003

Svæðisráð setur sig ekki upp á móti því að sett verði upp bráðabirgðagöngubrú á þessum stað en leggur áherslu á að brúin verði opin öllum sem um hana vilja fara en skýrt sé að menn fari um hana á eigin ábyrgð. Framkvæmdin verði unnin í samráði við starfsmenn þjóðgarðsins. Þar sem ekki hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hugsanlegt að þessi ákvörðun verði endurskoðuð í þeirri vinnu.

6. Jökulsárlón: leyfi fyrir flugeldasýningu - 1712004

Svæðisráð mælir með því að veitt verði leyfi fyrir flugeldasýningu til fimm ára og unnið í samráði við starfsmenn þjóðgarðsins. Þar sem ekki hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er þó hugsanlegt að þessi ákvörðun verði endurskoðuð í þeirri vinnu.

7. Skaftafell: Vetrariþróttir og öryggismál - 1712005

Rætt um öryggismál og aukinn fjölda ferðamanna yfir vetrartímann. Þjóðgarðsverði falið að fylgja eftir erindi um ísklifur.

8. Jökulsárlón: Friðun Skúmeyjar - 1712006

Snævarr útskýrði tilefni erindisins.

Óskað er eftir því að eyjan verði friðuð í rannsóknaskyni.

Svæðisráð tekur undir hugmyndina sem kemur fram í erindinu og mælir með því að eyjan verði sett í verndarflokk la samkvæmt flokkun IUCN sem svæði sem stjórnað er einkum vegna vísindalegs gildis.

Málinu vísað áfram til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fundi slitið kl. 12:00.